



Ljósanótt – Reglur um notkun merkis og nafns

1. Almenn

Merki og nafn Ljósanætur eru órjúfanlegur hluti af ímynd hátíðarinnar og eiga að stuðla að samstöðu og jákvæðri framsetningu hennar.

Notkun merkisins skal ávallt vera í samræmi við anda og gildi Ljósanætur sem fjölskyldu- og menningarhátíðar.

2. Heimild til notkunar

- Fyrirtæki, félög og einstaklingar geta notað merki og nafn Ljósanætur í kynningarefni sem tengist hátíðinni, enda sé notkunin í samræmi við reglur þessar.

- Ekki skal vafi leika á hvort viðburður, dagskrárliður eða annað efni sé skipulagt á vegum Ljósanætur/Reykjanesbæjar eða á vegum annarra aðila í tengslum við hátíðina.

- Dæmi: Ekki er heimilt að nota orðalag á borð við „Ljósanæturkeppnin“ ef viðburðurinn er ekki skipulagður af Ljósanótt, en hins vegar er heimilt að segja „keppni á Ljósanótt“.

3. Framsetning merkis

- Merki Ljósanætur má nálgast á vefsíðu hátíðarinnar undir Upplýsingar.

- Ekki er heimilt að breyta litum, hlutföllum, leturgerð eða öðrum þáttum merkisins.

- Alltaf skal gæta þess að merkið njóti sín og sé notað í viðeigandi stærð og gæðum, bæði á prenti og stafrænt.

- Ekki er heimilt að gera skrumskælda eða afbakaða útgáfu af merkinu.

4. Takmarkanir á notkun

- Ekki er heimilt að nota merki eða nafn Ljósanætur á þann hátt sem getur skaðað orðspor hátíðarinnar eða dregið úr gildi hennar.

- Sérstaklega er óheimilt að tengja merkið eða nafnið við:

- auglýsingar eða kynningar áfengis, tóbaks eða vímuefna,
- pólitískan áróður,
- óviðeigandi, móðgandi eða ósæmilegt efni.

- Heimilt er að framleiða vörur með merki hátíðarinnar að því gefnu að þær samræmist þessum reglum.

5. Almenn ákvæði

Framangreindar reglur eru ekki tæmandi. Ljósanótt og Reykjanesbær áskilja sér rétt til að meta og úrskurða um réttmæti notkunar merkis og nafns Ljósanætur í hverju tilfelli fyrir sig.